

## REGLUGERÐ

um sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta  
skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

### 1. gr.

Þar sem takmarkaðar innfjarðarækjuveiðar voru stundaðar í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði og engar innfjarðarækjuveiðar voru stundaðar á Húnaflóa, Skagafirði, Skjálfanda, Öxarfirði og norðurfjörðum Breiðafjarðar á fiskveiðiárinu 2018/2019, og á Eldeyjarsvæði almanaksárið 2018, skal á fiskveiðiárinu 2019/2020 úthluta aflamarki sem nemur samtals 893 þorskígildislestum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðarækju á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafla rækjuvertíðanna 1996/1997 – 2005/w2006 að frádregnum afla í innfjarðarækju fiskveiðiársins 2018/2019 á viðkomandi svæði. Verðmætastuðullinn fyrir rækju er 0,52, miðað við þorskígildi og koma 152 þorskígildislestir í hlut báta frá Arnarfirði, 132 þorskígildislestir í hlut báta í Ísafjarðardjúpi, 148 þorskígildislestir í hlut báta við Húnaflóa, 153 þorskígildislestir í hlut báta við Skagafjörð, 70 þorskígildislestir í hlut báta á Skjálfanda, 201 þorskígildislestir í hlut báta við Öxarfjörð, 23 þorskígildislestir í hlut báta á Eldeyjarsvæði og 14 þorskígildislestir í hlut báts í norðurfjörðum Breiðafjarðar.

### 2. gr.

Þar sem engar hörpudisksveiðar voru stundaðar í Arnarfirði, Húnaflóa, Breiðafirði og Hvalfirði á fiskveiðiárinu 2018/2019 skal á fiskveiðiárinu 2019/2020 úthluta aflamarki sem samtals nemur 983 þorskígildislestum til báta, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafla árána 1998 til 2007. Verðmætastuðullinn fyrir hörpudisk er 0,32, miðað við þorskígildi, og koma 7 þorskígildislestir í hlut báta frá Arnarfirði, 33 þorskígildislestir í hlut báta við Húnaflóa, 919 þorskígildislestir í hlut báta við Breiðafjörð og 24 þorskígildislestir í hlut báta við Hvalfjörð.

### 3. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2019. Uppbæturnar skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: Þorsk, ýsu, ufsa, steinbít, gullkarfa, keilu og löngu samkvæmt eftirfarandi töflu:

Tegundir	Lestir upp úr sjó	Þorskígildislestir
Þorskur	1.519	1.276
Ýsa	229	192
Ufsi	453	209
Steinbítur	47	25
Gullkarfi	219	151
Keila	16	6
Langa	30	17
<b>Samtals:</b>	<b>2.513</b>	<b>1.876</b>

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, til að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda fyrir fiskveiðiárið 2019/2020.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. júlí 2019.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Erna Jónsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 18. júlí 2019